



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

31. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 27. nóvember 2013 kl. 8.30 f.h.

Fundinn sátu:

Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Benedikt Gústavsson, varaformaður fulltrúi sveitarstjórnar

Hugrún Sigurðardóttir fulltrúi sveitarstjórnar

Sigmar Ólafsson skólastjóri

Anna Margrét Sigurðardóttir fulltrúi grunnskóladeildar

Erla Baldursdóttir fulltrúi leikskóladeildar

Dagný Davíðsdóttir fulltrúi foreldra

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Samfella milli nágrannaskóla.

Rætt var um með hvaða hætti ætti að leggja áherslu á betri samfellu milli skólana, þ.e. milli Kerhólsskóla og Bláskógaskóla. Fram kom að Sigmar og Alice hefðu farið og hitt stjórnendur Bláskógaskóla til að ræða þessi mál. Ein hugmyndin er að hafa auka starfsdag til að kennarar skólanna geti hist og farið yfir námsefni vetrarins. Sigmar og Guðný munu vinna áfram að málinu.

2. Skólanámskrá leik- og grunnskóla.

Vinnu við gerð skólanámskrár leik- og grunnskóla er ekki lokið. Mikil vinna hefur farið í einstaklingsnámskrár það sem af er skólaárinu og því minni tími fyrir námskrána. Hluti af stafsáætlun skólans verður birt í Hvatarblaðinu. Vilji er til þess innan skólans að skólanámskráin sé tilbúin að vori fyrir næsta skólaár þannig að hægt verði að vinna eftir námskránni frá byrjun en ekki að vera vinna hana á fyrstu mánuðum hvers skólaárs. Því er ákveðið að fresta því að taka fyrir námskrána þar til í vor og að þá verði tekin fyrir námskrá næsta árs.

3. Skólastefna eftirfylgni.

Vorið 2013 var samþykkt skólastefna fyrir sveitarfélagið og var farið yfir það hvort skólinn hefði hana til hliðsjónar við vinnu sína.



Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Fundur foreldrafélagsins.

Nýverið var haldinn fundur hjá foreldrafélaginu um nestismál gunnskólabarna. Boðið er upp á smurt brauð og ávexti frá mötuneyti skólans en ekki eru allir nemendur sem það nota. Óánægja hefur myndast með hversu hollt og gott nestið er sem börnin koma með að heiman. Fræðslunefnd vísar málinu til mötuneytisnefndar og óskar eftir að mötuneytisnefnd komi með stefnu fyrir skólann í nestismálum.

5. Önnur mál.

Rætt var um heimasíðu Kerhólsskóla og það hvort hún væri nógu aðgengileg eða ekki. Sigmari falið að athuga málið og laga það sem þörf er á.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:10